

Hófst svo upp úr þessu ein hin mesta deila, sem nokkurn tíma hefir risið á Englandi útaf nokkurri ljóðabók. Og hefir Swinburne aldrei síðan fundið náð í augum kyrkjulýðsins.

Gegnum kvæði þessa skálds gengur sterkur og ákveðinn byltingarandi, óvæginn og orðhvass.

“We have done with the kisses that sting,
The thieves mouth red from the feast,
The blood on the hands of the king,
The lie at the lips of the priest.

When the Devil's riddle is mastered,
And the gally-bench creaks with a Pope,
We shall see Bonaparte the bastard
Kick heels with his throat in a rope.”

Fleira mætti benda á, sem sýnir það, að hann var ekki í heiminn kominn til þess, að hossa pólitísku eða kyrkjulegu ófrelsi og syngja því slefulega gælusöngva. Því hann hræddist hvorki guði né menn.

Svona byrjar hann eitt langt og mergjað kvæði til föðurlandsins:

“Art thou indeed among these,
Thou of the tyrannous crew,
The kingdoms fed upon blood,
A queen from of old of the seas,
England - art thou of them too
That drink of the poisonous flood,
That hide under poisonous trees?”

Swinburne var mikill föðurlandsvinur, og segir því líka óspart til syndanna.

En svona vildi hann að lífið væri:

“Brotherhood of good,
Equal laws and rights
Freedom, whose sweet food
Feed the multitude
All their days and nights.”

Hann var hrifinn um eitt skeið af frelsi og framför Ameríku og virtist munurinn mikill, er hann hafði til samanburðar nýja heiminn og gömlu löndin. Því farast honum svona orð í löngu og kröftugu kvæði til Walt. Whitmans: